



AKUREYRARBÆR  
Skipulagssvið

Akureyri, 16.08.2018  
2018030298 10-501

## Efni: Hraðahindranir í Norðurgötu - Minnisblað

Í nokkurn tíma hafa borist kvartanir frá íbúum um hraðakstur í Norðurgötu með ósk um að gerðar verði ráðstafanir til að lækka umferðarhraða, t.d. með því að setja upp hraðahindranir. Á fundi skipulagsráðs 25. júlí sl. var tekið fyrir mál er varðar slíka kvörtun og var eftirfarandi bókað:

*Friðrik Sigurjónsson, kt. 051146-2719, mætti í viðtalstíma skipulagssviðs. Gerir enn og aftur athugasemd við hraðakstur í Norðurgötunni og vill að gripið verði til ráðstafana til að draga úr umferðarhraða. Leggur til að settar verði upp þrjár hraðahindranir og telur það bráðnauðsynlegt. Hefur miklar áhyggjur af öryggi barna á leið til og frá Oddeyrarskóla. Skipulagsráð felur skipulagssviði að vinna álit að aðgerðum í samráði við umhverfis- og mannvirkjasvið.*

Eftir að hafa rætt um málefni Norðurgötu á samráðsfundi með Umhverfis- og mannvirkjasviði er ekki mælt með að farið verði í sérstakar aðgerðir á götunni fyrr en búið er að gera nánari úttekt á umferðarmálum á stærra svæði. Að fara í staðbundnar aðgerðir til að draga úr hraða á einum stað getur leitt til þess að umferðin leiti að hluta í aðrar götur og er því mikilvægt að skoða þessi mál með heildstæðum hætti áður en farið er í aðgerðir.

Í rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri sem tók gildi í maí sl. kemur eftirfarandi fram um Norðurgötu:

*Norðurgata verður endurhönnuð sem hrygglangjan í íbúðarhverfinu með áherslu á yfirbragð sem hæfir byggðinni og öruggu samspili gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Gatnamót skulu verða upphækkuð og hellulögð. Bílastæði samsíða götu verði aðgreind með hellurönd og gangstéttar hellulagðar frá Strandgötu að Grenivöllum og breikkaðar þar sem rými leyfir. (bls. 35)*

Það liggur því fyrir grunnur að stefnu um aðgerðir á svæðinu en æskilegra væri að útfæra málin nákvæmar með gerð deiliskipulags.

Á fundi skipulagsráðs 4. apríl sl. var samþykkt að fela sviðsstjóra skipulagssviðs að hefja undirbúning að vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæði sem afmarkast af Hjalteyrargötu, Strandgötu, Glerárgötu og Eiðsvallagötu. Vinna við endurskoðun húsakönnunar fyrir svæðið og skilgreining forsendna er farin af stað en ekki er búið að fela ákveðnum skipulagsráðgjafa að vinna deiliskipulagið sjálft.

Það er mat undirritaðs að æskilegt væri að útvíkka vinnu við gerð deiliskipulagsins þannig að hún nái til alls svæðis sem í rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri er merkt sem svæði A en takmarkist ekki hluta þess eins og gert var ráð fyrir í samþykkt skipulagsráðs. Svæðið er ein samhangandi skipulagsheild og til að geta tekið á málum með heildstæðum hætti, t.d. umferðarmálum, væri betra að taka stærra svæði fyrir.

SKIPULAGSSVIÐ

## 5.2 SÉRÁKVÆÐI DEILISKIPULAGSREITA

Skipulagssvæðinu hefur verið skipt niður í deiliskipulagssvæði og gilda sérákvæði um hvern reit þó innan reits geti verið fleiri en einn landnotkunarflokkur. Almenn ákvæði taka á hverjum landnotkunarflokki innan deiliskipulagsreitanna.



- A - Núverandi íbúðarbyggð
- B - Hvannavellir
- C - Tryggvabraut og Furuvellir
- D - Reitur milli Hjalteyrargötu og Laufásögötu, þróunarreitur
- E - Norðan Tryggvabrautar
- F - Hafnarsvæði, norðurhluti
- G - Hafnarsvæði, suðurhluti, þróunarreitur

### Niðurstaða:

- Ekki fara í aðgerðir í Norðurgötu fyrr en búið er að gera nánari úttekt á umferðarmálum á íbúðarsvæði Oddeyrar, helst í tengslum við gerð deiliskipulags.
- Stækka skipulagsmörk deiliskipulagsvinnu íbúðarsvæðis á Oddeyri og setja þá vinnu í gang strax í haust.

Pétur Ingi Haraldsson

Sviðsstjóri skipulagssviðs